

SKIPULAGSSKRÁ

Vísindasjóðs Gigtarfélags Íslands.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Vísindasjóður Gigtarfélags Íslands. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Höfuðstóll sjóðsins var upphaflega gjöf frá Tryggingu hf. kr. 250.000 og það fé sem safnast hafði með sérstöku átaki tengdu Norrænu gigtarári 1992 kr. 2.007.249. Sjóðurinn nam kr. 4.565.811 hinn 1. janúar 1999.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla rannsóknir og þróun vísinda innan gigtsjúkdómafræðinnar.

4. gr.

Vísindaráð Gigtarfélags Íslands fer með stjórn sjóðsins. Ráðið fer með málefni sjóðsins og tekur ákvörðun um úthlutun. Umsóknir skulu studdar greinargerð um markmið og framkvæmd verkefni og tekur ráðið ákvörðun um afgreiðslu þeirra. Ráðið skal halda sérstaka gerðarbók um alla starfsemi sjóðsins.

5. gr.

Árlega úthlutar stjórn sjóðsins styrkjum að undangenginni auglýsingu. Stjórn sjóðsins er þó heimilt að fella niður úthlutun að hluta eða öllu leyti, enda sé sú ákvörðun rökstudd í gerðarbók sjóðsins.

6. gr.

Höfuðstóll sjóðsins er stofnframlag og aðrar tekjur eins og þær eru bókfærðar í árslok hverju sinni. Stjórninni er skylt að ávaxta fjármuni sjóðsins á sem hagkvæmastan hátt. Ekki má skerða höfuðstólinn við úthlutun styrkja það mikið að ekki standi ávallt eftir að minnsta kosti kr. 2.500.000 og að sú fjárhæð haldi ávallt verðgildi sínu á hverjum tíma.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Löggiltur endurskoðandi Gigtarfélags Íslands endurskoðar reikninga sjóðsins og áritar þá. Endurskoðaðir reikningar skulu lagðir fyrir aðalfund Gigtarfélags Íslands ár hvert.

8. gr.

Samþykki meirihluta stjórnar sjóðsins þarf til þess að breyta megi skipulagsskrá þessari. Bera skal breytinguna undir fulltrúaráð Gigtarfélags Íslands. Samþykki einfalds meirihluta ráðsins þarf til staðfestingar breytingunni. Verði sjóðurinn lagður niður rennur fé hans til Gigtarfélags Íslands

9. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi kemur í stað skipulagsskrár fyrir Vísindasjóð Gigtarfélags Íslands, sem staðfest var 10. mars 1993, nr. 127 í B-deild Stjórnartíðinda 1993.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 10. janúar 2001.

F. h. r.
Jón Thors.

Fanney Óskarsdóttir.